



Ungmennasamband Kjalarnesþings

# ÞINGGERÐ

63. ÁRSPING

AÐ FÉLAGSGARÐI KJÓS,  
22. FEBRÚAR 1987

DAGSKRÁ 63. ÁRSPINGS UMSK

HALDID AÐ FÉLAGSGARÐI KJÓÐS, 22.FEBRÚAR 1987.

1.	Þingsetning	kl. 10.00
2.	Kosnir starfsmenn þingsins	kl. 10.20
3.	Kosning í kjörbréfanefnd	kl. 10.30
4.	Skýrsla stjórnar	kl. 10.40
5.	Ávörp gesta	kl. 11.15
6.	Kjörbréfanefnd skilar álit	kl. 11.30
7.	Matarhlé	kl. 11.45
8.	Umræður um skýrslu stjórnar	kl. 13.00
9.	Skipað í nefndir, mál lögð fyrir	kl. 13.30
10.	Nefndarstörf	kl. 14.00
11.	Nefndir skila álit, almenn afgreiðsla	kl. 15.30
12.	Önnur mál	kl. 16.30
13.	Kosningar	kl. 17.00
14.	Þingslit	kl. 17.15

63. ÁRSPING U.M.S.K.

haldið að Félagsgarði Kjós

þann 22. febrúar 1987.

1. Setning þingsins.

Ólína Sveinsdóttir setti þingið klukkan 10:30 og bauð gesti og fulltrúa velkomna. Hún minnti á að sambandið væri 65 ára í ár.

Gestir þingsins voru: Sveinn Björnsson ÍSÍ, Sigurður Magnússon ÍSÍ, Lovísa Einarsdóttir ÍSÍ, Pálmi Gíslason UMFÍ, Sigurður Þorsteinsson UMFÍ og Ingólfur Hjörleifsson.

2. Kosnir starfsmenn þingsins.

Fyrsti þingforseti var kjörinn Guðbrandur Hannesson Dreng og annar þingforseti var kjörinn Páll Aðalsteinsson UMFA. Þingritarar voru kjörin þau Einar Sigurðsson framkvæmdastjóri sambandsins og Berglind Guðmundsdóttir UMFB.

3. Kosning í kjörbréfanefnd.

Í kjörbréfanefnd voru kjörin Svanur Gestsson Kili, Elsa Jónsdóttir Gerplu og Þorbergur Karlsson UBK.

4. Skýrsla stjórnar.

Ólína Sveinsdóttir flutti skýrslu stjórnar, en skýrslan lá fjölrituð fyrir þinginu. Einar Gunnarsson fyrverandi framkvæmdastjóri las upp reikninga sambandsins.

5. Kjörbréfanefnd skilar álit.

Svanur Gestsson flutti álit kjörbréfanefndar og kynnti þingfulltrúa. Alls áttu fulltrúar frá 19 félögum rétt til þingsetu. Þá voru mættir áheyrnarfulltrúar frá Knattspyrnufélaginu Hvatberum sem nýlega fengu aðild að UMSK. Eftirtalin félög skiluðu kjörbréfum og og því áttu eftirtaldir félagar rétt á setu á þinginu.

UMF. Breiðablik.

Valdimar Valdimarsson  
Þorbergur Karlsson  
Gylfi Sigurpálsson  
Jón Ingi Ragnarsson  
Einar Gunnarsson  
Þorgerður Aðalsteinsdóttir  
Hulda Jóhannsdóttir  
Ester Jónsdóttir  
Halldór Jónsson  
Til vara:  
Ólína Sveinsdóttir.

UMF. Stjarnan.

Katrín Gunnarsdóttir  
Sigurður Þorsteinsson  
Karl Harry Sigurósson  
Lovísa Einarsdóttir.

UMF. Bessastaðahrepps.

Berglind Guðmundsdóttir  
Jutte Frimanson.

UMF. Drengur.

Lárus Pétursson  
Helgi Guðbrandsson  
Höskuldur Gunnarsson.

UMF. Kjalnesinga.

Snorri Hauksson  
Inger Steinsson  
Kristinn G. Jónsson.

Golfklúbburinn Kjölur.

Örn Höskuldsson  
Svanur Gestson.

UMF. Afturelding.

Þorgrímur Októsson  
Hafsteinn Pálsson  
Bjarni Halldórsson  
Sigurður Einarsson  
Einar Guðmundsson  
Helgi Ásgeirsson  
Björn Björgvinsson  
Páll Aðalsteinsson  
Jóna Þorvarðardóttir  
Til vara:  
Halldór Ragnarsson.

Íþróttafélag Kópavogs.

Sigrún Sigvaldadóttir  
Margrét Hreinsdóttir.

Handknattleiksfélag Kópavogs.

Guðmundur R. Jónsson.

Íþróttafélagið Gerpla.

Ingvar Árnason  
Elsa Jónsdóttir  
Þórunn Ísfeld  
Margrét Bjarnadóttir  
Örn Steinar Sigurósson  
Karl Gauti Hjaltason  
Sigmar Sigurósson.

6. Ávörp gesta.

Pálmi Gíslason formaður UMFÍ sagði að skýrsla stjórnar sýndi að mikið starf væri unnið innan UMSK. Hann minntist á komandi Landsmót UMFÍ, félagsmálaskóla UMFÍ, Skinfaxa og sagði að nýr ritstjóri væri tekin til starfa. Hinn nýi ritstjóri heitir Ingólfur Hjörleifsson. Þá talaði Pálmi um Þrastarskóg, göngudag fjölskyldunnar, 80 ára afmæli UMFÍ sem er á þessu ári og að hugmyndin væri að halda upp á það eins og með afmælisblaði Skinfaxa og með veglegu þingi. Þá minntist Pálmi á afmælishlaup UMFÍ og einnig talaði hann um Lottó.

Sveinn Björnsson forseti ÍSÍ bar kveðjur frá Framkvæmdastjórn ÍSÍ. Hann benti á góða mætingu frá ÍSÍ en fjögur voru mætt frá ÍSÍ. Sveinn þakkaði fyrir góðar gjafir á 75 ára afmæli ÍSÍ. Þá talaði Sveinn um Lottó, rak forsögu þess, hvernig það þróaðist og útkomu þess. Þá rakti hann sögu Lottós í öðrum löndum. Allur kostnaður hefur þegar verið greiddur upp og fyrstu peningarnir væru greiddir út um þessar mundir. Þá sagði hann að greitt yrði út á tveggja mánaða fresti. Hann sagði að hlutur UMSK yrði um 4-5 milljónir ef svo færi sem fram horfði. Þá minntist Sveinn á útbreiðslu- styrk og sagði að hann myndi hækka um 90% á milli ára. Þá minntist hann að lokum á afreksmannasjóð ÍSÍ.

7. Matarhlé.

Kjósarhreppur veitti veglegar veitingar og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir.

8. Umræður um skýrslu stjórnar.

Þorgrímur Októsson vildi fá skýringar við nokkrum liðum á reikningum stjórnar. Þ.e. laun og launatengd gjöld, sérráð og rekstur skrifstofu.

Einar Gunnarsson gaf skýringar á fyrirspurn um reikninga.

Björn Björgvinsson vildi fá skýringar við nokkrum atriðum í rekstrarreikningi.

Einar svaraði þeim fyrirspurnum.

Þorgrímur gagnrýndi gerð reikninga og hvatti til að þeir yrðu betur gerðir næst.

Ólín Sveinsdóttir tók undir orð síðasta ræðumanns og sagði að reikningarnir væru ekki nógu vel sundurliðaðir.

Þingforseti kynnti nýjan gest fyrir þinginu sem er Ingólfur Hjörleifsson nýr ritstjóri Skinfaxes. Þá boðaði forseti forföll sveitarstjóra Kjósarhrspis og hélt síðan smá tölu um sveitina í kring.

Að lokum voru reikningar og skýrsla stjórnar borin upp til samþykktar og var hvorutveggja samþykkt án mótakvæða.

9. Skipað í nefndir, mál lögð fyrir.

Þeir sem sátu í allsherjarnefnd voru eftirtaldir.

Þorbergur Karlsson UBK  
Sigrún Sigvaldadóttir ÍK  
Þórunn Ísfeld Gerplu  
Gylfi Sigurpálsson UBK  
Halldór Jónsson UBK  
Berglind Guðmundsdóttir UMF B  
Helga Jóhannsdóttir  
Höskuldur Gunnarsson UMF Drengur  
Snorri Hauksson UMF K  
Sigurður Einarsson UMFA  
Heimir Jónasson.

Þeir sem sátu í fjárhagsnefnd.

Þorgrímur Októsson UMFA  
Katrín Gunnarsdóttir Stjórnunni  
Hulda Pétursdóttir UBK  
Jutte Frímannsson UMF B  
Helgi Guðbrandsson UMF Drengur  
Inger Steinsson UMF K  
Einar Guðmundsson UMFA  
Bjarni Halldórsson UMFA  
Svanur Gestsson Kili  
Elsa Jónsdóttir Gerplu  
Helgi Ásgeirsson UMFA  
Magnús Bernharðsson

Þeir sem sátu í Lottónefnd.

Guðmundur R. Jónsson HK  
Valdimar Valdimarsson UBK  
Þorgerður Aðalsteinsdóttir UBK  
Lárus Pétursson UMF Dreng  
Björn Björgvinsson UMFA  
Margrét Hreinsdóttir ÍK  
Karl Gauti Hjaltason Gerplu  
Sigurður Þorsteinsson Stjörnunni  
Ingvar Árnason Gerplu  
Jóhann Jónasson  
Karl Harry Sigurðsson Stjörnunni  
Jóhann Guðnason Hvatberum.

Eftirtaldar tillögur frá stjórn lágu fyrir þinginu og var þeim vísað til nefnda sem hér segir:

Tillaga 1.

63. ársþing UMSK.....þakkar sveitarstjórnunum og sýslunefnd fyrir veittan stuðning síðustu ára og leggur til við sveitarfélögin að þau miði framlag sitt til UMSK 1988 við íbúafjölda, kr. 25 á íbúa. (Fjárhagsnefnd)

Tillaga 2.

63. ársþing UMSK.....samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði krónur 30 á hvern gjaldskyldan féлага árið 1987.  
(Fjárhagsnefnd)

Tillaga 3.

63. ársþing UMSK.....samþykkir að UMSK skuli í samstarfi við aðildarfélögin reyna að halda fengnum hlut í þeirri fjáröflun sem getraunir eru þrátt fyrir tilkomu Lottós.  
(Allsherjarnefnd)

Tillaga 4.

63. ársþing UMSK.....samþykkir að gert skuli átak í fræðslu- og útbreiðslumálum á sambandssvæðinu.  
(Allsherjanefnd)

Tillaga 5.

63. ársþing UMSK..... samþykkir að hvetja UMFÍ til að hraða heildarskipulagi Þrastarskógar og stuðla að betri nýtingu á þessari ágætu eign samtakanna.  
( Allsherjarnefnd )

Tillaga 6.

63. ársþing UMSK..... samþykkir að af Lottóþeningum sem komi til UMSK renni 15% til reksturs UMSK en 85% renni óskipt í Lottósjóð UMSK. Úr þeim sjóði skuli úthlutað til aðildarféлага UMSK samkvæmt reglum þar um.  
( Lottónefnd )

Tillaga 7.

63. ársþing UMSK..... samþykkir að Lottósjóði UMSK skuli skipt á eftirfarandi hátt.;

- 10 % Til Féлага, 1/19 til hvers félags. *1/20.*
- 50 % Skipt eftir félagatali.  
Félagatal skilist til UMSK með nafni, heimilisfangi og fæðingardag.
- 40 % Skiptist eftir ákvörðun stjórnar UMSK, með tilliti til reksturs, umfangs, unglíngastarfs og annars.

( Lottónefnd )



Rökstuðningur.;

Við mótun tillögunnar hafði stjórn UMSK þrjú megin-  
sjónarmið að leiðarljósi, þ.e.;

1. Einföld. Nauðsynlegt er að hafa reglurnar eins einfaldar og hægt væri og varð úr, að úr Lottósjóði væri greitt eftir þfemur leiðum.
2. Reglurnar verða að grundvallast á því sjónarmiði að sem erfiðast sé að svindla á þeim, og varð þá fljótlega ljóst að ekki var hægt að skipta eftir iðkendafjöldaskýrslum.
3. Jafnréttissjónarmið. Reglurnar verða að vera þannig að félögin og hinar einstöku íþróttagreinir standi sem næst jafnt að vígi við úthlutun, þannig að félögin fá úthlutað sem mest í samræmi við raunveruleg umsvif sín.

Þessi sjónarmið leiða til þess að stjórnin hafnaði nokkrum leiðum sem í upphafi virtust koma til greina.;

Iðkendur.;

Stjórn UMSK taldi varhugvert að miða við skýrslur um tölu iðkenda, því vitað er að menn fara eftir mjög mismunandi reglum við útfyllingu þeirra. Stjórnin telur þó Félagatale marktakara, því þar yrði að skila inn nafnalistum með ýmsum upplýsingum, og ekki yrði eins auðvelt að svindla á þeim.

Getraunir.;

Stjórn UMSK telur heldur ekki sangjarnt að skipta eftir getraunasölu, vegna þess að.;

- a. Ekki er víst að getraunasala muni minnka í framtíðinni, þó hún hafi minnkað eitthvað nú.
- b. Getraunasala hefur minnkað um 3.2% á UMSK-svæðinu og þó ekki sé hér komin full reynsla á samdrátt getraunasölu vegna tilkomu Lottó's, þá telur stjórn UMSK ekki ástæðu til þess að örvænta um sölu, þannig að það ætti að hafa áhrif á skiptingu Lottó.
- c. Þau félög, sem ekki hafa selt getraunir, hljóta að hafa haft aðrar leiðir til þess að fjármagna starfsemi sína, og á það val á fjármögnun ekki að hafa áhrif á skiptingu Lottó's.
- d. Það ætti að vera sama, hvort félag stundi getraunasölu eða ekki, á bak við hvert félag hljóta að standa félagsmenn, og fá þá félögin úthlutað eftir því sbr. tillögu stjórnarinnar.

Svigrúmsregla.:

Með því að skipta síðustu 40 % eftir ákvörðun stjórnar m.t.t. ýmissa annarra þátta skapast svigrúm til þess að leiðrétt hugsanlega galla á úthlutun eftir hinum þáttunum.

Eftirtaldar tillögur bárust er nefndir skiluðu álit:

Tillaga 8.

63. ársþing UMSK...beinir því til alþingis- og sveitastjórnarmanna í Reykjaneskjördæmi að styrkja byggingu frjálsípróttavallar í Mosfellssveit sem stefnt er að verði tilbúinn fyrir Landsmót UMFÍ 1990 og haldið verður þar. Völlurinn verður með 8 hlaupabrautum og eini keppnisvöllurinn á landinu sem getur staðist alþjóðlega kröfur.

Tillaga 9.

63. ársþing UMSK....beinir því til stjórnar UMSK að hefja viðræður við öll sveitarfélög innan sambandssvæðisins um stuðning við starfsemi UMSK. Æskilegt væri að formaður og framkvæmdastjóri UMSK ásamt formanni viðkomandi félags(félaga) tækju þátt í þessum viðræðum.

11. Nefndir skila álit, almenn afgreiðsla.

Þorbergur Karlsson skilaði og gerði grein fyrir álit allsherjarnefndar.

Tillaga 3.

63. ársþing UMSK.... samþykkir að UMSK skuli í samstarfi við aðildarfélögin reyna að halda fengnum hlut í þeirri fjáröflun sem getraunir eru þrátt fyrir tilkomu Lottós.

Tillaga 4 verði skipt upp í tvær tillögur með breytingum.

Tillaga 4a.

63. ársþing UMSK...beinir þeim tilmælum til stjórnar UMSK að gera átak í fræðslumálum á sambandssvæðinu með sérstöku tilliti til félagsstarfs.

Tillaga 4b.

63. ársþing UMSK.....skorar á stjórn UMSK að stórauka kynningu á sambandinu. Þingið bendir á að mót eru haldin í nafni UMSK s.s. skólahlaup o.fl. til þess að efla kynninguna.

Tillaga 5.

63. ársþing UMSK.....samþykkir að hvetja UMFÍ til að hraða heildarskipulagi Þrastarskógar og stuðla að betri nýtingu á þessari ágætu eign samtakanna.

Þorbergur lagði til að tillögurnar yrðu samþykktar eins og þær komu frá nefndinni. Þær voru allar samþykktar einróma.

Katrín Gunnarsdóttir skilaði og gerði grein fyrir álitum fjárhagsnefndar.

Tillaga 1.

63. ársþing UMSK....þakkar sveitarstjórnunumog sýslunefnd fyrir veittan stuðning síðustu ára og leggur til við sveitarfélögin að þau miði framlag sitt til UMSK 1988 við íbúafjölda, kr. 25 á íbúa.

Tillaga 2.

63. ársþing UMSK....samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði krónur 30 á hvern gjaldskyldan félagi árið 1987.

Tillaga 8.

63.ársþing UMSK....beinir því til alþingis- og sveitastjórnarmanna í Reykjaneskjördæmi að styrkja byggingu frjálsípróttavallar í Mosfellssveit sem stefnt er að verði tilbúinn fyrir Landsmóy UMFÍ 1990 og haldið verður þar. Völlurinn verður með 8 hlaupabrautum og eini keppnisvöllurinn á landinu sem getur staðist alþjóðlegar kröfur.

Tillaga 9.

63 ársþing UMSK....beinir því til stjórnar UMSK að hefja viðræður við öll sveitarfélög innan sambandssvæðisins um stuðning við starfssemi UMSK.  
Æskilegt væri að formaður og framkvæmdastjóri UMSK ásamt formanni viðkomandi félags (félaga) tækju þátt í þessum viðræðum.

Katrín lagði til að allar tillögur yrðu samþykktar eins og þær komu frá nefndinni. Voru þær samþykktar einróma án breytinga.

Guðmundur R. Jónsson skilaði og gerði grein fyrir álitum Lottónefndar.

Tillaga 6. (með breytingu og viðbót)

63 ársþing UMSK....samþykkir að af Lottópeningum sem komi til UMSK renni 10% til reksturs UMSK en 90% renni óskipt í Lottósjóð UMSK. Úr þeim sjóði skuli úthlutað til aðildarféлага UMSK samkvæmt reglum þar um. Óskast endurskoðað að ári.

Tillaga 7. (með breytingum)

63. ársþing UMSK...samþykkir að Lottósjóði UMSK skuli skipt á eftirfarandi hátt:

- 15% Til félaga, 1/20 til hvers félags.
- 50% Skipt eftir félagatali.  
Félagatal skilist til UMSK með nafni,  
heimilisfangi og fæðingardegi fyrir 15 apríl.
- 30% Skiptist eftir ákvörðun stjórnar UMSK,  
með tilliti til reksturs, umfangs,  
unglingastarfs og annars.
- 5% Rennir í Landsmótssjóð UMSK.

Tillaga 10.

63. ársþing UMSK.....lýsir sig fylgjandi drögum UMFÍ um skiptingu Lottóágóða samtakanna.

Guðmundur lagði til að tillögurnar yrðu samþykktar eins og þær komu frá nefndinni.

Páll Aðalsteinsson kom með breytingatillögu við tillögu 6: í stað 10 % komi 15 % og í stað 90 % komi 85 %. Þessi breytingatillaga var borin upp og samþykkt samhljóða. Síðan var tillaga 6 samþykkt einróma.

Tillaga 7 var mikið rædd og voru komnar nokkrar breytingatillögur við tillöguna. Á endanum voru menn orðnir sammála að vísa málinu í nefnd og Katrín Gunnarsdóttir bar síðan upp svohljóðandi tillögu:

63. ársþing UMSK....samþykkir að vísa þingskjali 11 til sérstakrar 5 manna nefndar, sem skipuð verði hér á þinginu. Nefndin skili tillögum sínum til formannafundar sem haldin verður eigi síðar en 1.apríl 1987.

Þessi frávisunartillaga var samþykkt með megin þorra atkvæða gegn tveimur.

Einar Gunnarsson bar síðan upp tillögu uppstillinarnefndar um fimm manna Lottónefnd. Eftirtaldir voru tilnefndir og jafnframt sjálfkjörnir því engar aðrar tillögur komu:

Karl Gauti Hjaltason, formaður  
Valdimar Fr. Valdimarsson  
Karl Harrý Sigurðsson  
Kristinn G. Jónsson  
Björn Björgvinsson.

Að lokum var borin upp tillaga 10 og var hún samþykkt.

12. Önnur mál.

Ólína Sveinsdóttir þakkaði veitingar Kjósarhrepps og UMF. Dreng fyrir að standa vel að þinginu.

Jóhann Guðnason formaður Hvatbera flutti ágætis inngönguræðu og sagði lítillega frá stofnun félagsins.

Katrín Gunnarsdóttir þakkaði samstarfið á síðastliðnu ári og óskaði Hvatberum til hamingju með stonun félagsins. Hún þakkaði formanni UMFÍ og UMSK mönnum samstarfið.

Einar Gunnarsson þakkaði öllum samstarfið á síðasta ári og hvatti félagi til að nota skrifstofu UMSK sem mest.

Sigurður Þorsteinsson Talaði um Þjónustumiðstöð UMFÍ að Öldugötu 14. Hann benti á þá góðu aðstöðu sem hægt er að veita þar svo ekki sé minnst á gistirýmið. Þá minntist hann almennt á starf UMFÍ og vonaðist eftir góðu samstarfi í framtíðinni.

13. Kosningar.

Einar Gunnarsson flutti tillögur uppstillingarnefndar:

Formaður: Hafsteinn Pálsson

Aðrir í stjórn: Svanur M. Gestsson  
Elsa Jónsdóttir  
Ólína Sveinsdóttir  
Lárus Pétursson

Varastjórn : Guðmundur R. Jónsson  
Guðmundur Karlsson  
Karl G. Hjaltason

Endurskoðendur: Ingólfur A. Steindórsson  
Steindór Pálsson

Til vara: Katrín Gunnarsdóttir  
Kristján Sveinbjörnsson

Héraðsdómstóll: Halldór Frímannsson UMFA  
Albert HN. Valdimarsson HK  
Magnús Harðarson ÍK

Til vara: Erlingur Þorsteinsson Stjórnunni  
Þorbergur Karlsson UBK  
Margrét Bjarnadóttir Gerplu.

Þar sem ekki komu fram aðrar tillögur var sjálfkjörið í ofangreindar trúnaðarstöður.

14. Þingslit.

Ólína Sveinsdóttir þakkaði mönnum góða þingsetu og sleit 63. ársþingi UMSK.

## TILLÖGUR SAMÞYKKTAR Á 63. ÁRSPINGI UMSK:

### Tillaga 1.

63. ársþing UMSK.....þakkar sveitarstjónum og sýslunefnd fyrir veittan stuðning síðustu ára og leggur til við sveitarfélögin að þau miði framlag sitt til UMSK 1988 við íbúafjölda, kr. 25 á íbúa.

### Tillaga 2.

63. ársþing UMSK.....samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði krónur 30 á hvern gjaldskyldan féлага árið 1987.

### Tillaga 3.

63. ársþing UMSK.....samþykkir að UMSK skuli í samstarfi við aðildarfélögin reyna að halda fengnum hlut í þeirri fjáröflun sem getraunir eru þrátt fyrir tilkomu Lottós.

### Tillaga 4a.

63. ársþing UMSK.....beinir þeim tilmælum til stjórnar UMSK að gera áttak í fræðslumálum á sambandssvæðinu með sérstöku tilliti til félagsstarfs.

### Tillaga 4b.

63. ársþing UMSK.....skorar á stjórn UMSK að stóauka kynningu á sambandinu. Þingið bendir á að mót eru haldin í nafni UMSK s.s. skólahlaup o.fl. til þess að efla kynninguna.

### Tillaga 5.

63. ársþing UMSK.....samþykkir að hvetja UMFÍ til að hraða heildarskipulagi Þrastarskógar og stuðla að betri nútingu á þessari ágætu eign samtakanna.

### Tillaga 6.

63. ársþing UMSK.....samþykkir að af Lottópeningum sem komi til UMSK renni 15% til reksturs UMSK en 85% renni óskipt í Lottósjóð UMSK. Úr þeim sjóði skuli úthlutað til aðildarféлага UMSK samkvæmt reglum þar um. Óskast endurskoðað að ári.



#### Tillaga 8.

63. ársþing UMSK...beinir því til alþingis- og sveitarstjórnarmanna í Reykjaneskjördæmi að styrkja byggingu frjálsípróttavallar í Mosfellssveit sem stefnt er að verði tilbúinn fyrir Landsmót UMFÍ 1990 og haldið verður þar. Völlurinn verður með 8 hlaupabrautum og eini keppnisvöllurinn á landinu sem getur staðist alþjóðlegar kröfur.

#### Tillaga 9.

63. ársþing UMSK.....beinir því til stjórnar UMSK að hefja viðræður við öll sveitarfélög innan sambandssvæðisins um stuðning við starfsemi UMSK.

Æskilegt væri að formaður og framkvæmdastjóri UMSK ásamt formanni viðkomandi félags (félaga) tækju þátt í þessum viðræðum.

#### Tillaga 10.

63. ársþing UMSK.....lýsir sig fylgjandi drögum UMFÍ um skiptingu Lottóágóða samtakanna.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 1987.

REKSTRARTEKJUR:

Framlög sveitarfélaga	300.000,--
Framlag sýslusjóðs	175.000,--
Ótbreiðslustyrkur	700.000,--
Lottó	620.000,--
Getraunir	300.000,--
Rekstur Mjölnisholti 14	110.000,--
Skattar aðildarfélaga	90.000,--
Styrkur frá UMFÍ	100.000,--
Eigin fjáraflanir	<u>600.000,--</u>
	2.995.000,--

Rekstrargjöld.

Laun og launatengd gjöld	1.200.000,--
Rekstur skrifstofu	400.000,--
Tölva	150.000,--
Sérráð	400.000,--
Rekstur sumarhúss	100.000,--
Skuldir frá fyrra ári	325.000,--
Sundþjálfari	120.000,--
Annar kostnaður	<u>300.000,--</u>
	2.995.000,--



# UNGMENNASAMBAND KJALARNESÞINGS

ÞINGFULLTRÚAR Á 63. ÁRSPING UMSK 22. FEBRÚAR 1987.

<u>Félag</u>	<u>Skattsk.fél.</u>	<u>fulltr.</u>	<u>form.</u>	<u>Alls</u>
1. Umf. Afturelding	376	8	1	9
2. Umf. Drengur	76	2	1	3
3. Umf. Kjalnesinga	57	2	1	3
4. Umf. Bessastaðahrepps	80	2	1	3
5. Umf. Breiðablik	444	8	1	9
6. Umf. Stjarnan	302	7	1	8
7. Íþróttafélagið Gróttá	84	2	1	3
8. Handknattleiksf. Kópavogs	476	8	1	9
9. Íþróttafélagið Gerpla	269	6	1	7
10. Siglingafélagið Ýmir	119	3	1	4
11. Siglingaklúbburinn Vogur	76	2	1	3
12. Íþróttafélag Kópavogs	116	3	1	4
13. Golfklúbburinn Kjölur	57	2	1	3
14. Knattspyrnufélagið Augnablik	42	1	1	2
15. Siglingafélagið Sigurfari	81	2	1	3
16. Íþróttafélagið Gáski	50	1	1	2
17. Íþróttafélagið Hlynur	60	2	1	3
18. Íþróttafélagið Tjaldur	30	1	1	2
19. Golfklúbbur Garðabæjar	70	2	1	3

6. grein laga UMSK hljóðar svo:

" Sambandsfélögin kjósa aðalfulltrúa og vara á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðsþingi, einn fyrir hverja 5 tugi eða brot úr tug, gjaldskyldra félagsmanna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 8 frá sama félagi. Auk þess skal formaður vera sjálfkjörinn aðalfulltrúi á sambandsþing. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Héraðsþing er lögmett, ef 2/3 kjörnir fulltrúar eru mettir á héraðsþinginu."

Upplýsingar UMSK um félagatölur eru frá 1985 þar sem ekki hefur enn verið skilað inn starfskýrslum fyrir 1986. Hafi þessar tölur breyst hjá ykkar félagi þá vinsamlegast látið upplýsingar þaraðlútandi fylgja með kjörbréfi.